

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ÍSL 503 Kennsluáætlun Vorönn 2013	

Kennari	Kristín Árnadóttir, Snorri Björnsson og Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	KRÁ, SNO, ÞHJ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing: Í áfanganum kynnast nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum, bæði hérlandis og erlendis, á sama tímaskeiði. Nemendur kynnast helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við samtímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans.

Markmið: Að nemandi öðlist innsýn í bókmenntasögu tímabilsins.

- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum .
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra.
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og einkennum í verkum þeirra.
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi bókmenntastefna.
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum.

Námsgögn:

Öldin öfgafulla e. Dagnýju Kristjánsdóttur (2010)

Salka Valka e. Halldór Kiljan Laxness (Ýmsar útgáfur)

ÍSL 503 Textahefti (VMA skrifstofa)

Myndefni og ljósrit eftir því sem við á.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 8.1. – 18.1. Kynning áfangans; **1900 - 1920** *Öldin öfgafulla* (ÖÖ) bls. 9 – 50 og textahefti fyrir ÍSL 503; Ísland í upphafi 20. aldar og breytingar á næstu 20 árum. Fjallað um helstu höfunda, verk þeirra skoðuð og bókmenntastefnur tímabilsins s.s. nýrómantík. Nemendur vinna ljóðaverkefni (5%).

Hafinn lestur á skáldsögunni *Sölku Völku*.

2. lota 21.1. – 8.2.: *Öldin öfgafulla 1920 – 1940* (ÖÖ) bls. 51 – 81 og textahefti. Fjallað um bókmenntasögu tímabilsins, helstu höfunda og breytingar í samfélaginu á krepputímum. Farið verður í grunnatriði skáldsögugreiningar auk þess sem skáldsagan *Salka Valka* eftir Halldór K. Laxness verður krufin og rædd. Lotunni lýkur með tímaverkefni (10%) og krossaprófi úr *Sölku Völku* á Moodle (10%).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL 503 Kennsluáætlun Vorönn 2013	

3. lota 11.2. – 22.2.: Öldin öfgafulla 1940 – 1950 (ÖÖ) bls. 83 – 105 og textahefti f. ÍSL 503; Áhrif og afleiðingar heimsstyrjaldar, hernáms og kalda stríðsins á íslenskt þjóðfélag og bókmenntir. Lotupróf (krossapróf á Moodle 10% og tímapróf 10%) frá tímabilinu 1900 – 1950.

4. lota 25.2. – 8.3.: Öldin öfgafulla 1950 – 1960 (ÖÖ) bls. 107 – 141. Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar. Lotunni lýkur með verkefni úr smásögum (10%).

5. lota 11.3. - 22.3.: Öldin öfgafulla 1960 – 2000 (ÖÖ) bls. 143 – 245 og textahefti f. ÍSL 503; Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Krossapróf á Moodle (10%) frá tímabilinu 1960 – 2000.

6. lota 3.4. - 30.4. : Öldin öfgafulla 2000 – 2010 (ÖÖ) bls. 247 – 263 og textahefti f. ÍSL 503; Tímapróf/verkefni (10%) frá tímabilinu 1960 – 2000.

Drepið verður á helstu atriði tímabilsins 2000 - 2010, helstu stefnur og höfunda.

Nemendur velja skáldverk frá síðari árum, af bókalista, (útvega sér bækurnar sjálfir) vinna verkefni og flytja fyrirlestur (15%).

Námsmat og vægi námsþátta: Áfanginn er próflaus í annarlök en námsmat og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi námsþáttum annarinnar:

1. lota: Ljóðaverkefni	5%
2. lota: <i>Salka Valka</i> (krossapróf á Moodle (10) og verkefni (10)	20%
3. lota: Lotupróf (krossapróf á Moodle (10) og tímapróf (10)	20%
4. lota: Verkefni úr smásögum	10%
5. lota: Lotupróf (krossapróf á Moodle (10)	10%
6. lota: Tímapróf (10) Skáldverk – fyrirlestur (15)	25%
Verkefnaskil og mætingar	10%

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. meðfylgjandi reglur. Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu VMA. Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils